



**HÁSKÓLI  
ÍSLANDS**

## **Starfshættir sem stuðla að lýðræði innan leikskóla**

Silvía Sól Snæbjörnsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Janúar 2022

**DEILD KENNSLU- OG MENNTUNARFRÆÐA**



# **Starfshættir sem stuðla að lýðræði innan leikskóla**

Silvía Sól Snæbjörnsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed-prófs í leikskólakennarafræðum

Leiðbeinandi: Hrönn Pálmadóttir dósent

Deild kennslu- og menntunarfræða

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Janúar 2022

Starfshættir sem stuðla að lýðræði innan leikskóla

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed-prófs  
í leikskólakennarafræði við Deild kennslu- og menntunarfræða  
á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2022 Silvía Sól Snæbjörnsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.





## Ágrip

Markmið ritgerðarinnar er að varpa ljósi á mikilvægi lýðræðislegra starfshátta í leikskólum. Leitast verður svara við rannsóknarspurningunni: Hvaða starfshættir stuðla að lýðræði innan leikskólans? Lýðræðisleg umræða í leikskólastarfi hefur aukist undanfarin ár. Greint verður frá hugmyndum Johns Dewey og Loris Malaguzzi o.fl. um lýðræði í skólastarfi. Einnig er farið yfir réttindaskóla UNICEF og Reggio Emilia-leikskóla um hvernig starfinu í slíkum skólum er háttað. Rýnt verður í fyrri rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessu sviði. Í niðurstöðum þessara rannsókna má greina að mistúlkun sé á hugtakinu lýðræði í leikskólastarfi. Einnig má álykta að niðurstöðurnar bendi til þess að eigi starfshættir leikskóla að stuðla að lýðræði skuli kennarar og börn beita virkri hlustun, kennarar skuli leyfa börnum að vera frjáls, að vera virkir þátttakendur í ákvarðanatöku sem snertir þau og kennarar þurfi að spyrja spurninga sem hvetja börnin til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir.

## Efnisyfirlit

<b>Ágrip</b> .....	<b>3</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>6</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>7</b>
<b>2 Opinber stefna</b> .....	<b>9</b>
2.1 Lög og reglugerðir.....	9
2.2 Aðalnámskrá leikskóla .....	9
2.3 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna .....	10
2.4 Skólastefna og námskrár leikskóla .....	11
2.5 Samantekt.....	12
<b>3 Fræðilegur bakgrunnur</b> .....	<b>14</b>
3.1 Skilgreining á lýðræði .....	14
3.2 Lýðræði í leikskólum .....	15
3.3 Lýðræði og þátttaka barna .....	17
3.3.1 Þátttökustigi Rogers Hart .....	18
3.3.2 Þátttökustigi Lansdown .....	20
3.4 Samskipti og áhrif .....	23
3.4.1 Sýn kennara .....	24
3.5 Réttindaskóli UNICEF .....	25
3.6 Mennta- og uppeldisstefna Reggio Emilia.....	26
3.7 Samantekt.....	27
<b>4 Umræður og niðurlag</b> .....	<b>29</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>33</b>





## Formáli

Ritgerð þessi er 10 ECTS-eininga lokaverkefni leikskólakennarafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn var Hrönn Pálmadóttir, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Ég vil þakka henni kærlega fyrir allar þær gagnlegu ábendingarnar, snögg viðbrögð og aðstoð við ritgerð mína.

Ég vil þakka fjölskyldu minni og vinum fyrir óþrjótandi stuðning og hvatningu þegar ég þurfti sem mest á því að halda. Hönnu Kristínu Stefánsdóttur vil ég þakka fyrir yfirlestur á þessu verkefni. Pabba mínum, Snæbirni Óttarssyni, og konu hans, Helgu Línu, vil ég þakka fyrir margar bæjarferðir til þess að passa stelpurnar mínar tvær svo að ég gæti sinnt ritgerðarskrifum mínum. Dætrum mínum, Snædísí Lenu og Ellen Eir, vil ég einnig þakka fyrir að vera mesta hvatning til þess að vinna að þessu verkefni með brosi á vör á hverjum degi. Örnú Björg Steinarsdóttur og Þórdísi Steinarsdóttur vil ég einnig þakka fyrir alla hvatninguna og trúna á að ég gæti þetta. Síðast en ekki síst fær maðurinn minn, Hlynur Freyr Viggósson, sem sýndi mér endalausa þolinmæði, stuðning og hvatningu á öllum stigum ritgerðarinnar, miklar þakkir.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér [Vísindasiðareglur Háskóla Íslands](#) (sjá [www.hi.is/haskolinn/log\\_og\\_reglur](http://www.hi.is/haskolinn/log_og_reglur), undir Sameiginlegar reglur). Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga og túlkun niðurstaðna. Notkun mín á heimildum er í samræmi við 4. mgr. 54. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 10. janúar 2022

Silvía Sól Snæbjörnsdóttir

## 1 Inngangur

Í mörgum skólum má sjá að lýðræði hefur verið innleitt í skólastarfið og á það einnig við á leikskólastigi. Í Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 er lögð aukin áhersla á lýðræði miðað við námskrána sem gefin var út árið 1999. Í aðalnámskránni eru sex grunnþættir sem mynda undirstöðu menntastefnunnar og er einn þeirra lýðræði og mannréttindi. Í námskránni er lögð áhersla á að rækta þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkja getu leikskólabarna í framtíðinni til þess að geta verið gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Lýðræðisleg umræða er sífellt að aukast og þar af leiðandi er mikilvægt að starfsfólk leikskóla kynni sér hvað lýðræði í leikskólastarfi felur í sér þar sem það virðist vega þungt í lögum um leikskóla sem og aðalnámskrá. Þar er m.a. lögð áhersla á áhugamál barna ásamt þátttöku þeirra í ákvarðanatöku um málefni sem kemur þeim við. Í þessu ljósi er mikilvægt að starfsfólk leikskóla temji sér lýðræðislega starfshætti.

Höfundur þessa verkefnis hefur starfað í leikskóla hjá Kópavogsbæ í fimm ár. Fyrst um sinn var ekki mikil umræða á vinnustaðnum um lýðræði innan leikskólans en ákveðin þróun hefur átt sér stað síðastliðin ár og hefur hann nú fengið viðurkenningu sem réttindaskóli.

Réttindaskóli UNICEF tekur mið af Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem snýr að aukinni virðingu, vernd og innleiðingu mannréttinda (UNICEF, e.d.).

Réttindaskólaverkefnið gengur út á það að skapa lýðræðislegt umhverfi en á sama tíma styður það við þá ferla sem eru þegar til staðar innan leikskólans sem byggja á lögum og aðalnámskrá. Réttindaskóli skapar ákveðinn ramma utan um ólík sjónarhorn, stefnur og gildi sem skólinn vinnur þegar með. Þar af leiðandi er réttindaskólinn góð nálgun sem krefst þess að börn og starfsfólk leikskólans vinni saman að sameiginlegu markmiði. Við nám í leikskólakennarafræðum hefur gefist tækifæri til að rýna enn betur í Aðalnámskrá leikskóla og Barnasáttmálann ásamt því að kynnast hugmyndafræði ýmissa fræðimanna, t.d. Johns Dewey og Loris Malaguzzi sem oft er hægt að tengja við lýðræði. Námið hefur leitt til enn frekari áhuga og löngunar höfundar þessa verkefnis til að kafa dýpra í lýðræðisleg vinnubrögð í leikskóla.

Markmið verkefnisins er að skoða hvort og þá hvernig starfsfólk leikskóla geti stuðlað að lýðræðislegu samfélagi meðal barna innan leikskóla. Leitað verður svara við eftirfarandi spurningu: „Hvaða starfshættir stuðla að lýðræði meðal barna innan leikskóla?“

Í ritgerðinni verður byrjað á því að fjalla um opinbera stefnu og skoðað hvað fram kemur í lögum um leikskóla, í Aðalnámskrá leikskóla og Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins um lýðræði í leikskólastarfi. Þar á eftir verður fjallað um lýðræði almennt í

leikskólum. Einnig verða þátttökustigar Landsdown og Harts kynntir ásamt því að lögð verður áhersla á rannsóknir þar sem lýðræðislegir starfshættir í leikskóla hafa verið skoðaðir. Þar næst verða skoðaðir réttindaskólar og rannsókn sem gerð var um þá og að lokum verður farið yfir mennta- og uppeldisstefnu Reggio Emilia-leikskóla þar sem þeir eru taldir starfa í anda lýðræðis.

## 2 Opinber stefna

Nýjasta útgáfa Aðalnámskrár leikskóla er frá árinu 2011 og einn af grunnþáttum menntunar sem þar er fjallað um er lýðræði og mannréttindi (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Lög um leikskóla voru síðast uppfærð þann 12. júní 2008; í 2. gr. kemur fram að markmið þeirra sé meðal annars að stuðla að lýðræðislegu samstarfi. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem í daglegu tali er kallaður Barnasáttmálinn, var samþykktur árið 1987. Samningurinn varð þó ekki fullgiltur og lögfestur hér á landi fyrr en árið 2013 (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.).

Í kjarasamningum leikskólakennara, sem gefnir eru út af Kennarasambandi Íslands (2020), kemur fram í starfslýsingum aðstoðarleikskólakennara, leikskólakennara, leikskólasérkennara, deildarstjóra, verkefnastjóra, sérgreinastjóra og sérkennslustjóra að þeir skulu starfa samkvæmt lögum og reglugerðum leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags. Í þessum kafla ritgerðarinnar verður fjallað um hvernig lýðræði birtist í lögum um leikskóla, Barnasáttmálanum, Aðalnámskrá leikskóla ásamt stefnu og námskrám þriggja sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

### 2.1 Lög og reglugerðir

Í lögum um leikskóla nr. 90 frá árinu 2008 í 2. grein kemur fram að starfshættir leikskólans skuli mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar. Einnig kemur fram að markmið í uppeldi og kennslu í leikskóla skuli meðal annars vera að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Einnig skal starfsfólk leikskólans rækta hæfileika barna til sköpunar og tjáningar í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd barnanna, öryggi þeirra og hæfni til mannlegra samskipta (lög um leikskóla nr. 90/2008).

### 2.2 Aðalnámskrá leikskóla

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) eru sex grunnþættir sem mynda menntastefnuna og er einn þeirra lýðræði og mannréttindi. Lögð hefur verið áhersla á að rækta þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkja getu leikskólabarna í framtíðinni til þess að geta verið gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Áhersla er einnig lögð á að börnin skuli vera virkir þátttakendur í lýðræðissamfélaginu innan og utan skólans. Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á samstöðu, viðurkenningu á ólíkum sjónarmiðum, jafnrétti, samábyrgð og fjölbreytileika. Í leikskóla skulu nemendur finna fyrir því að þeir séu hluti af samfélagi og

hópi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti þeirra. Börnin eiga að fá að vera virkir þátttakendur og skal hvert og eitt barn því fá möguleika og tækifæri til þess að leggja sitt af mörkum til þess að hafa áhrif á umhverfi sitt. Einnig á að virða reynslu, færni, skoðanir og innsæi barnanna og taka mið af sjónarmiðum þeirra þegar talað er um skipulagningu á leikskólastarfinu. Þar af leiðandi er hægt að gefa börnum tækifæri til þess að taka þátt í ákvörðunum um vinnubrögð og ýmis verkefni. Í Aðalnámskrá leikskóla kemur einnig fram að leikskólar skuli semja eigin skólanámskrá, skólanámskráin skal vera skrifleg og aðgengileg öllum sem hún varðar. Í slíkum námskrám skal koma fram hvernig starfi leikskólans sé háttað ásamt því hvernig leikskólinn ætli að vinna að þeim markmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá leikskóla. Skólanámskráin er unnin af leikskólakennurum, öðru starfsfólki leikskólans, foreldrum og börnum. Þegar þátttaka þessara aðila myndast mótast helstu áherslur og viðmið í starfi leikskólans. Áður en að skólanámskráin öðlast gildi skal nefnd kjörin af sveitarstjórn staðfesta hana eftir umsögn foreldraráðs (mennta- og menningarráðuneytið, 2011).

Ólafur Páll Jónsson (2011) bendir á að lýðræði hefur tvenns konar mikilvægi þegar lögin og aðalnámskráin eru skoðuð. Annars vegar á skólinn á að undirbúa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi og hins vegar á sú vinna sem fer fram í skólanum að mótast af lýðræðislegu samstarfi.

Jóhanna Einarsdóttir (2017) fjallar um hugtök sem falla undir lýðræði í aðalnámskránni. Þessi hugtök eru meðal annars réttindi, þátttaka, jafnrétti, ábyrgð, áhrif og samstaða. Þessi hugtök komu alls 108 sinnum fram í almenna hluta námskrárinnar og 54 sinnum í leikskólahluta námskrárinnar. Þá má einnig sjá að hugtök eins og umhyggja samkennd og vellíðan svo eitthvað sé nefnt eru algengari í leikskólahluta námskrárinnar. Þegar þau lýðræðislegu gildi sem fram koma í námskránni eru skoðuð má sjá að þau beinast annars vegar að einstaklingum og hins vegar að barnahópnum. Leikskólasamfélagið vísar til virðingar einstaklinga ásamt fjölbreytileika fólks. Einnig kemur fram að leikskólastarf skuli einkennast af samvinnu og jafnrétti milli einstaklinga.

### **2.3 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna**

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins var samþykktur árið 1989 á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og er þessi samningur þekktur sem Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna eða Barnasáttmálinn (Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir, 2008). Í Barnasáttmálanum eru fjórar grundvallarreglur. Þær eru eftirfarandi:

1. Rétturinn til að fá að vera eins og maður er, allir séu jafnir og sömu réttindi fyrir öll börn.

2. Rétturinn til að allar reglur sem eru ákveðnar séu miðaðar að því sem er best fyrir börn.
3. Rétturinn til að fá að lifa og þroskast.
4. Rétturinn til að fá að taka þátt og tjá skoðun sína á öllu sem skiptir börn máli (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.).

Barnasáttmálinn var þó ekki samþykktur á Íslandi fyrr en árið 1992 og að lokum fullgiltur og lögfestur hérlendis árið 2013. Samningurinn er góð viðbót við lög um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla. Í 12. og 13. grein er lögð áhersla á skoðana- og tilfinningarfrelsi barna. Þessar greinar leggja áherslu á að börnum sé gert kleiftað tjá viðhorf og koma fram skoðunum sínum sem snerta málefni sem viðkemur þeim og hefur áhrif á líf þeirra (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.). Í 12. grein segir að barn sem myndað getur eigin skoðanir skuli hafa rétt til þess að láta þær frjálsglega í ljós í öllum þeim málum sem það varðar; einnig skulu aðrir einstaklingar taka tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur og þroska þess. Jafnframt er tekið fram í 13. grein að barn eigi rétt á því að láta í ljós skoðanir sínar ásamt réttinum til að leita, taka við og miðla vitneskju og hugmyndum, hvort sem það er munnlega, skriflega eða í formi lista eða annara leiða (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, I. hluti/1992).

#### **2.4 Skólastefna og námskrár leikskóla**

Skoðaðar voru skólastefnur og námskrár leikskóla þriggja sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, þ.e.a.s. Hafnarfjarðarbæjar, Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar. Í skólastefnu Hafnarfjarðarbæjar er áhersla lögð á að í leikskóla skuli leikurinn hafður í fyrirrúmi. Einnig skal umönnunar- og kennslustarfið stuðla að því að börnin verði sjálfstæðir, víðsýnir og ábyrgir einstaklingar. Ásamt því skuli börnin mótast og vera tilbúin til þess að takast á við verkefni í síbreytilegu og lýðræðislegu samfélagi (Skólastefna Hafnarfjarðar, 2009).

Í námskrá leikskóla Kópavogsbæjar kemur fram að leikskóli sé vettvangur sem leggur áherslu á starfshætti og gildi sem styðja lýðræðislegt samfélag. Eins kemur fram að foreldrar, börn og kennarar séu samstarfsaðilar. Börnin eru hvött til þess að taka þátt í ákvörðunum sem snúa að lífi þeirra og leik samkvæmt aldri þeirra og þroska. Námskráin leggur til að kennarar hvetji börn til þess að verða hæfari til þess að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Einnig ber kennurum og börnum að virða rétt allra óháð kyni, bakgrunni, aðstæðum og getu. Í leiknum taka börnin þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar að þau setja fram eigin hugmyndir og virða sjónarmið annarra barna (Kópavogsbær, 2011).

Skólanámskrár Kópavogsbæjar eru einnig aldursflokkaðar, þ.e.a.s. námskrá fyrir eins og tveggja ára börn, þriggja og fjögurra ára börn og fimm ára börn. Námskrárnar eru settar upp eins og Aðalnámskrá leikskóla, þá er átt við að settir eru fram í námskránni þeir sex grunnþættir menntunar sem fram koma í Aðalnámskrá leikskóla; þessir sex grunnþættir eru eftirfarandi: læsi, heilbrigði og velferð, sjálfbærni, sköpun, lýðræði og mannréttindi og að lokum jafnrétti. Í þessum þremur námskrám má sjá hvernig þær þróast miðað við aldur barnanna. Í námskránum má meðal annars finna markmið í lýðræðis- og mannréttinda málum. Sem dæmi um þetta markmið má nefna að eins og tveggja ára gömul börn eiga að finna fyrir öryggi í samskiptum við fullorðna og börn; einnig eiga þau að fá tækifæri til þess að bera ábyrgð í samræmi við þroska og getu þeirra. Þegar námskrá þriggja til fjögurra ára barna er skoðuð hafa markmiðin þróast. Á þessum aldri kveður námskráin á um að börnin eiga að fá tækifæri til þess að beita lýðræðislegum vinnubrögðum. Þau eiga að fá tækifæri til þess að bera ábyrgð í samræmi við þroska og getu, þau meta leikskólustarfið og taka ákvarðanir sem varðar þau ásamt því að virða skoðanir annarra. Þegar námskrá fimm ára barna er skoðuð kemur í ljós að markmið hennar hafa þróast enn frekar. Nú eiga börnin að geta átt jákvæð og viðurkennandi samskipti við aðra einstaklinga ásamt því að virða sjónarmið annarra. Þau eiga að geta hjálpað hvert öðru og sýnt umburðarlyndi og tillitssemi. Þau eiga að nota lýðræðisleg vinnubrögð og læra að vinna sjálfstætt ásamt því að kynnast starfi grunnskóla (Kópavogsbær, e.d.).

Stefna og framtíðarmarkmið Reykjavíkurborgar eru meðal annars að allt leikskólustarf grundvallist á lýðræðislegum gildum. Menntastefnan byggir á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og er virkni og lýðræðisleg þátttaka barna í leik og starfi talin mikilvæg. Börnin eiga að hljóta leikni í lýðræðislegum vinnubrögðum, skiptast á skoðunum og ákvarðanatöku í leikskólustarfinu (Reykjavíkurborg, 2010). Í menntastefnu Reykjavíkurborgar eru markmiðin þau að öll börn eiga að vaxa og dafna í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika einstaklinga. Í menntastefnunni eru tvö leiðarljós sem vísa veginn á næstu árum, annars vegar *Barnið sem virkur þátttakandi* og hins vegar *Fagmennska og samstarf í öndvegi*. Einnig skal veita börnum þann stuðning sem þörf er á ásamt því að byggja á styrkleikum barnanna og bakgrunni svo að þau geti haft áhrif á nám sitt, umhverfi og líðan. Hlutverk kennarans er að koma til móts við þarfir barnanna ásamt því að undirbúa þau fyrir virka þátttöku í fjölmennings- og fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur sífellt breytingum (Reykjavíkurborg, e.d.).

## 2.5 Samantekt

Aðalnámskrá leikskóla hefur sex grunnþætti til menntunar og er einn þeirra lýðræði og mannréttindi. Lýðræði hefur tvenns konar mikilvægi þegar lögín ásamt aðalnámskrá eru



skoðuð á skólinn, annars vegar að undirbúa undir líf og starf í lýðræðissamfélagi og hins vegar á öll vinnan sem fram fer í skólum að mótast af lýðræðislegu samstarfi.

Eins og sjá má í þessum kafla er lögð áhersla á lýðræði í opinberri stefnu og starfslýsingum leikskólakennara. Áhersla er lögð á að virkja börn til þátttöku, tjá skoðanir sínar ásamt því að virða skoðanir og sjónarmið annarra. Einnig má sjá að þátttaka þeirra og ákvarðanatöku er mikilvæg í samhengi við lýðræði. Þó skal þetta vera í samræmi við aldur og þroska barnanna. Í námskrám og skólastefnu frá Hafnarfjarðabæ, Kópavogsbæ og Reykjavíkurborg má sjá mismiklar upplýsingar tengdar lýðræðislegri þátttöku barna í leikskólastarfi. Lítið kom fram um þetta atriði í skólastefnu Hafnarfjarðabæjar og hefur hún ekki verið uppfærð frá árinu 2009. Eins má geta þess að þessar upplýsingar voru af skörnum skammti hjá Hafnarfjarðabæ í samanburði við hin sveitarfélögin sem skoðuð voru. Ítarlegar námskrár mátti hins vegar finna hjá Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ, þar sem góð grein er gerð fyrir menntastefnu og markmiðum varðandi lýðræðislegar áherslur. Í námskrá Kópavogsbæjar má sjá aldurskipt markmið sem falla undir lýðræði. Áhersla á lýðræði og lýðræðissamfélag þar sem þátttaka barna er lykilatriði má sjá í námskrám Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar.

### 3 Fræðilegur bakgrunnur

Í þessum kafla verður hugtakið lýðræði skoðað. Einnig verður farið yfir hvernig vinna má með lýðræði innan veggja leikskólans tengt við kenningar og hugmyndir Johns Dewey, Loris Malaguzzi o.fl. Reggio Emilia-leikskólar sem byggja á hugmyndafræði Loris Malaguzzi má finna hérlendis en talið er að þeir hafi fundið leið til þess að mæta börnum á lýðræðislegan hátt. Einnig hafa fjöldi leikskóla hérlendis unnið samvinnuverkefni með UNICEF um að verða réttindaskólar. Í þessum kafla verður farið yfir hvað það felur í sér að leikskóli sé réttindaskóli. Þátttökustigar hafa verið mótaðir til þess að meta þátttöku barna og verða þeir kynntir í þessum kafla ritgerðarinnar. Einnig verður rýnt í fyrri rannsóknir um starfshætti leikskóla sem starfa með lýðræði í huga, hvernig lýðræði birtist í leik ásamt skilgreiningu kennara á lýðræði í leikskólastarfi.

#### 3.1 Skilgreining á lýðræði

Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála ásamt því sem þeir taka virkan þátt í mótun samfélagsins. Í lýðræðisríki þurfa borgarar sem þar búa að taka ákvarðanir eða kjósa um meiriháttar mál sem snúa að þeim sameiginlega. Þá búa borgararnir einnig við mannréttindi þar sem rödd þeirra og skoðanir skipta máli. Forsenda lýðræðis er ábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna. Lýðræði gerir það að verkum að borgararnir verða færir um að taka þátt í að móta samfélag sitt og geta þeir haft áhrif á það nær og fjær (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012). John Dewey heldur því fram að möguleiki lýðræðis sé fyrst og fremst fólgin í þeirri trú að einstaklingar geti orðið lýðræðislegar manneskjur. Grundvallarþættir hins lýðræðislega einstaklings eru bæði af toga tilfinninga og skynsemi. Einnig tengjast hugmyndir hans um lýðræðislegt samfélag á þann máta að hversdagslegt samlíf fólks byggist upp á lýðræðislegum viðhorfum en þar er kjarninn að hver og einn einstaklingur eigi rétt á því að þroska hverja þá mannkosti sem hann kann að hafa (Ólafur Páll Jónsson, 2011).

Dahlberg og félagar (2013) skilgreina lýðræðislegt samfélag sem stað þar sem tjáningarfrelsi barna er metið. Þau halda því fram að það dugi ekki að ákvarðanir séu byggðar á sjónarmiðum meirihlutans, raddir barna þurfa að heyrast og þeirra framlag til félagslegs samhengis þarf að meta.

Jóhanna Einarsdóttir (2008) setti fram sex flokka sem skilgreina það sem einkennir siðtímahugmyndir um börn og bernskuna. Þá er meðal annars viðurkennt að bernskan sé mótuð í nútímanum og í liðinni tíð. Það þýðir að áhersla er lögð á það félags- og menningarlega í því sem börn alast upp í. Hér hefur umhverfið áhrif, þ.e.a.s. hvernig umhverfið mótar börn og hins vegar hvernig þau móta umhverfið. Það mikilvægasta í þeim

siðtímahugmyndum sem Jóhanna setur fram eru mannleg samskipti, samskipti milli barna, foreldra, kennara og samfélags. Einnig er áhersla lögð á margbreytileika, öll börn eru ólík. Algildum námsaðferðum barna er einnig hafnað þar sem mismunandi er hvernig börn þroskast og hver áhugamál þeirra eru hverju sinni. Lögð er áhersla á styrkleika barna í stað takmarkana. Einnig er litið á börn sem einstaklinga sem eru færir um að taka virkan þátt í sköpun menningar og þekkingar. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins gefur það til kynna að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með eigin réttindi. Þau eru einstaklingar með eigin áhugamál sem eru ekki endilega þau sömu og foreldra þeirra eða annarra einstaklinga sem að þeim koma. Börn læra í samvinnu og er það talið mikilvægt í námi barna að þau læri á slíkan máta, hvort sem það er með öðrum börnum eða fullorðnum. Jóhanna nefnir í samræmi við hugmyndir Vygotskys og félagslegu hugsmíðahyggju, er talið að nám krefjist samvinnu og samskipta vegna þess að barnið lærir og skapar sína þekkingu í gegnum slíkt ferli. Þegar litið er á hugtakið þroskasvæði (e. zone of proximal development) hefur það nýst í að útskýra á hvaða hátt nám fer fram í samskiptum við aðra einstaklinga. Þegar verkefni eru unnin í samvinnu við aðra, hvort sem það er jafnaldrar eða fullorðnir, færast þroskasvæði barnsins til. Í stað þess að barnið vinnur verkefnið sjálft breytast viðfangsefnið í samskiptum við aðra, þá lærir barnið og skapar þekkingu. Jóhanna greinir einnig frá margbreytileika barna, raddir barna séu mismunandi ásamt því eru viðhorf þeirra misjöfn. Jóhanna hafnar algildum námsaðferðum barna og telur hún misjafnt hvort börn t.d. hafa áhuga á því að læra að lesa. Lögð er áhersla á styrkleika barna í stað takmarkana. Að lokum nefnir hún í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins að börn eru einstaklingar með eigin réttindi og litið er á börnin sem sérfræðinga á eigið líf, áhugamál og skal nálgast sjónarmið barna frá þeim sjálfum (Jóhanna Einarsdóttir, 2008).

### **3.2 Lýðræði í leikskólum**

Lýðræði í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum er mikilvægt vegna þess að skólar þurfa að taka mið að því að börn eiga rétt á þátttöku í lýðræðissamfélagi. Þar af leiðandi er mikilvægt að leikskólabörn læri um lýðræðissamfélag og taki þátt í lýðræðissamfélagi innan skólans. Einnig er mikilvægt að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins innan skólans og gert sé ráð fyrir að börn læri til lýðræðis í lýðræði. Í öllu skólastarfi skal vera tekið tillit til áhuga barna og ábyrgðar þeirra í námi (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012).

Skilningur Deweys á lýðræði er sá að mikilvægt er að nám geri kröfu til skólans sem vettvang menntunar. Til þess að nemendur geti tekið þátt í þeim samskiptum og samveruháttum sem

lýðræðislegt skólastarf gerir ráð fyrir þarf nemandinn að vera vel að sér. Einnig telur Dewey að stofnanir samfélagsins séu lýðræðislegar þegar þær stuðla að því að líf í samfélaginu geti einkennst af lýðræðislegum viðhorfum. Hægt er að heimfæra lýðræðislegan skilning við skóla án aðgreiningar (Ólafur Páll Jónsson, 2011). Einnig vísa hugmyndir Deweys okkur til þess að þegar talað er um lýðræði er ekki alltaf átt við meirihluta lýðræði heldur lýðræði sem samveruform sem byggist á jafnræði, valdaaðstæðum og félagslegum aðstæðum. Fullorðnir eru þar af leiðandi í ákveðnum valdastöðum gagnvart barni. Lykilatriði hjá Dewey er þó að sameiginlegir hagsmunir allra vega jafn mikið. Þegar þetta er skoðað í leikskólastarfinu eiga hagsmunir starfsfólksins ekki að ganga fyrir hagsmunum barnanna, það þurfa allir að fá möguleika og tækifæri til þess að leggja sitt af mörkum til skólasamfélagsins. Einstaklingar þurfa einnig að finna að þeir séu hluti af heildinni svo að möguleiki sé á að vinna að markmiðum þeirra. Þar af leiðandi þarf lýðræðislegt samfélag í þessum anda að einkennast af virðingu, virkni og jafnvægi (Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson, 2013).

Bae (2009) mælir með því að starfsfólk leikskólans styðji börnin við að leggja sitt af mörkum um allt sem viðkemur þeirra daglega lífi ásamt því að börnin séu með í ákvarðanatöku um ákvarðanir sem snerta þau. Hún telur mikilvægt að starfsfólkið átti sig á því að það hefur vald til að skilgreina athafnir barnanna. Í þessum skilningi ákveður starfsfólkið hvað er rétt eða rangt, gott eða slæmt og í heildina ákveða þau reglur almennt í leikskólanum. Bae heldur því fram að þetta ójafna valdajafnvægi geti leitt til aðstæðna í leikskólanum sem meta ekki réttindi barnanna til þess að tjá sig. Valdatengsl innan leikskólans geta endurspeglast í því hvernig börn leggja sitt af mörkum í leikskólasamhengi, sem og hneigð þeirra til að eiga samskipti við aðra með því að nota ýmsar leiðir til að tjá sig og koma hugmyndum sínum og tilfinningum á framfæri. Í jafningjahópum er ljóst að félagsleg dreifing valds og þátttöku í leik ákvarðar hverjir mega taka þátt og hverjir ekki. Ákveðin þáttur í þessum ákvörðunum er aldur en félagsleg merking aldurs innan hópsins getur gefið til kynna að yngri börn hafi minna gildi en þau eldri (Carr og Lee, 2019).

Í rannsókn Erlu Óskar og Kristínar (2016) um þátttöku leikskólabarna í leikskólastarfinu með breyttum starfsháttum kennara og lýðræðislegum vinnubrögðum kom fram að fyrstu skref starfsmannanna á deildinni í breyttum starfsháttum var meðal annars að notast við hjálparsetninguna: „Hvað ætlar þú að gera í því?“ Tilgangurinn með þessari hjálparsetningu var að hjálpa börnum að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Einnig voru börnunum gefnir tveir valkostir en með því að gefa þeim valkost taldi starfsfólkið þau hafa eitthvað um hlutina að segja. Fljótlega áttu enn frekari breytingar sér stað; til að mynda fengu börnin sjálf að taka ákvörðun um hvort þau vildu leika sér úti fyrir eða eftir hádegi; eina reglan var sú að þau þurftu að velja annað hvort og allir áttu að fara út að minnsta kosti einu sinni á dag. Áður en

rannsókn hófst áttu öll börn að fara út á morgnana, í sögustund í sal ásamt því að fara í listaskála. Þessar reglur breyttust í að börnin fengu sjálf að velja á milli tveggja valkosta. Einnig breyttu starfsmenn námsumhverfi barnanna en þá er átt við að efniviður varð aðgengilegur og í hæð barnanna. Á deildinni voru kennarar einnig farnir að notast við kosningu, sem þau nýttu til þess að efla þátttöku barnanna í ákvarðanatöku. Einnig fór starfsfólk að líta í eigin barm og skoðaði samskiptahætti sína við börnin. Í lok verkefnisins höfðu orðið miklar breytingar á samskiptum milli starfsfólksins og barnanna og innan barnahópsins. Börnin voru nánast hætt að kvarta undan hvert öðru og leystu úr ágreiningi sjálf. Börnin fengu sjálf tækisari til þess að prófa sig áfram, gera tilraunir, læra af reynslunni og starfsfólkið var farið að gefa sér tíma til þess að skilja líðan og tilfinningar barnanna. Helsta ávinninginn í breyttum starfsháttum og áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð mátti sjá í samskiptum barnanna og félagslegri hlið þeirra. Eftir að verkefninu lauk hafði deildarstjóri samband við Erlu og Kristínu og tjáði þeim að lýðræðislegu starfshættirnir héldu áfram að blómstra, hún nefndi dæmi um að morgun- og kaffitími væri alfarið orðinn frjáls, þó innan ákveðins tímaramma. Tímaramminn var sjónrænn fyrir börnunum og var notast við umferðarljós; þegar ljósið var grænt var maturinn nýkominn, þegar ljósið var gult var liðið á tímann og að lokum varð ljósið rautt en þá þurftu börnin að koma strax ef þau ætluðu að fá sér að borða (Erla Ósk Sævarsóttir og Kristín Karlsdóttir, 2016).

### **3.3 Lýðræði og þátttaka barna**

Þátttaka barna er skilgreind á þann hátt að börn séu með í ákvarðanatöku um þau málefni sem snúa að lífi þeirra, hvort sem þau eru með sem einstaklingar eða hópur. Hér getur sá fullorðni haft frumkvæði eða barnið sjálft. Ráðaleitan felst hins vegar í því að þeir sem vinna að stefnumótun eða taka ákvarðanir fái börnin með í ákvörðunartökuna. Skoðanir eða sjónarmið barnanna þurfa hins vegar ekki að vera lokaniðurstaða þess málefnis sem leitað er svara við. Ef lokaniðurstaða tekur mið af skoðunum og sýn barnanna er síðar hægt að vinna að niðurstöðu með börnum sem þátttakendum (Jóhanna Einarsdóttir, 2008). Lansdown (2005) segir að öll börn geti haft skoðanir en það er þó mismunandi hversu fær þau eru um að tjá þær. Hann nefnir dæmi um að frá fæðingu geta börn grátið og fljótlega fara þau að babbla, hlæja og hreyfa sig. Þau nota þessar aðferðir þegar þau óska eftir umönnun. Rannsóknir hafa sýnt fram á að frá upphafi eiga börn flókið sálfræðilegt líf. Það sem virðist vera tilviljunarkennd eða ruglingsleg hegðun er í raun og veru mjög skipulögð. Mest áberandi eru félagsleg viðbrögð kornungra barna. Börnin leita eftir því að taka þátt í félagslegum athöfnum og gera það þannig að hægt sé að bregðast við samskiptamerkjum þeirra. Frá 18 mánaða aldri geta börn byrjað að tjá sig með orðum, sköpun og í leik. Þau læra að skiptast á og leika við önnur börn og fá því tilfinningu fyrir því og skilning á því að vinna í hóp. Frá

fjögurra ára aldri eru börn farin að öðlast aukna þekkingu fyrir sjálfum sér, þau eru orðin sjálfstæð í hugsun og máli. Hæfileikar þeirra í leik við jafnaldra aukast í gegnum samninga sem þau gera sín á milli, vinasambönd og ákvarðanatöku (Lansdown, 2005).

Ástæðan fyrir því að þátttöku barna hefur verið sýnd aukinn áhugi er áherslan á menntun til lýðræðislegrar þátttöku. Mikilvægt er að börn upplifi lýðræði í leik- og grunnskólum ef þau eiga að geta þroskast sem gagnrýnir og lýðræðislega hugsandi einstaklingar. Þegar börn taka þátt í lýðræðislegum ákvörðunum og upplifa að skoðanir og þátttaka þeirra skipta máli, þ.e.a.s. að börnin hafi áhrif, eru meiri líkur taldar á að þau eigi eftir að taka þátt í lífinu sem lýðræðislega þenkjandi borgarar. Einnig er ástæða þess að leitað hefur verið eftir þátttöku barna í ákvarðanatöku hin aukna áhersla sem lögð er á valdeflingu þeirra. Börnum er sýnd virðing og eru þeim gefin ákveðin völd þegar þau fá að vera virkir þátttakendur í ákvarðanatöku um málefni sem þau varða. Þeir fullorðnu líta á barnið sem eins konar samstarfsaðila og virða hæfni og skoðanir þess. Valdefling barna eykst þar af leiðandi þegar börnin hafa ákvörðunarvald yfir því sem viðkemur þeim í daglegu lífi (Jóhanna Einarsdóttir, 2008).

Rannsóknir hafa verið gerðar til þess að skoða þátttöku barna í leikskóla; meðal annars var skoðaður leikskóli sem starfar í anda Reggio Emilia. Sýna niðurstöður rannsóknarinnar að leikskólinn á þeim tíma náði ekki þeirri færni að börn og kennarar byggðu ákvarðanatöku á frumkvæði barnanna. Samkvæmt hugmyndum Malaguzzis um lýðræði í leikskólastarfi er grundvallaratriði Reggio-skólanna að börnin séu þátttakendur í ákvarðanatöku. Þegar þetta er skrifað er þessi tiltekni leikskóli hérlendis þó á réttri leið að starfa í anda Reggio Emilia. Niðurstöðurnar sýna einnig fram á að þátttaka barnanna var oftast í þrepi 5–7 í þáttökustiga Harts (sjá kafla 3.3.1). Þar af leiðandi má sjá að þátttaka barnanna einkenndist af því að börnin áttu frumkvæði og stjórnðu því sem þau tóku sér fyrir hendur (Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson, 2013).

### **3.3.1 Þáttökustigi Rogers Hart**

Roger Hart þróaði átta þrepa þáttökustiga til að greina hvernig þátttöku barna í ákvarðanatöku væri háttað. Hann þróaði hugmyndir sínar út frá hugmyndum Sherry Amstein sem áður hafði þróað stiga fyrir fullorðna til að mæla og meta borgarlega þátttöku. Roger Hart kynnti hugmyndir sínar árið 1980 en þá hafði lítið verið fjallað um þátttöku barna. Þáttökustiginn var upphaflega ætlaður sem verkfæri fullorðinna til þess að ígrunda og spegla starf sitt með börnum. Þáttökustiginn er hugsaður til þess að sýna eðlismun en ekki stigmun þar sem áttunda stigið sýnir ekki meiri þátttöku en það er annars eðlis. Einnig er með þáttökustiganum lögð áhersla á að ekki eigi að þvinga börn til þátttöku heldur eigi

þátttakan að vera þeirra vilji og eiga fullorðnir að gefa börnunum tækifæri til þess að taka þátt. Þáttökustiginn er þar af leiðandi hugsaður til þess að hjálpa kennurum að virkja börnin til þátttöku ásamt því að láta börnin taka þátt eftir bestu getu. Hugsun Rogers Hart var ekki sú að þagga niður í fullorðnum í samskiptum við börn né að börn eigi síðasta orðið. Hins vegar á þáttökustiginn að vera verkfæri starfsfólks leikskóla til þess að auðvelda gagnrýnið sjónarhorn á eigið starf, en ekki alhliða mælitæki án fyrirvara (Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson, 2013).

Fyrsta þrep stigans er kallað baktjaldastjórnun (e. manipulation) en á því þrepi er ráðskast með börn. Í þessu þrepi er þátttaka barna minnst auk þess sem hún er á forsendum þeirra fullorðnu. Hér er átt við að fullorðnir gefa börnum skipanir, þeir tala til barnanna en ekki við börnin og því eru ákvarðanir teknar án þátttöku barnanna. Í öðru þrepi stigans sem kallað er skreyting (e. decoration) er þátttaka barnanna nánast engin, hún er frekar til skrauts eins og heiti þrepsins gefur til kynna. Í þessu þrepi framkvæma börnin eitthvað sem er á forsendum hinna fullorðnu, svo sem listaverk sem er fyrir fram ákveðið af þeim fullorðnu. Þriðja þrepið kallast táknræn þátttaka (e. tokenized) en þar er þátttaka barnanna frekar táknræn en raunveruleg. Þátttaka barnsins er þá á forsendum hins fullorðinna. Dæmi um þetta getur verið að kennari skrifar niður tilsvör barnanna sem þeir láta fylgja með heim. Í fjórða þrepinu sem kallast úthlutað en upplýst þátttaka (e. assigned and informed) er börnum úthlutað verkefni en þau þurfa að skilja tilgang verkefnisins. Hér er átt við að börnum býðst að taka þátt eftir að hafa fengið útskýringar á tilgangi verkefnisins. Fimmta þrepið kallast ráðgefandi og upplýst þátttaka (e. consulted and informed). Hér ráða þeir fullorðnu en skoðanir barna eru teknar til greina; einnig átta börnin sig á ferli verkefnisins. Dæmi um þetta getur verið að barni er boðið að segja frá því hvað það gerði um helgina. Sjötta þrepið kallast frumkvæði fullorðinna en sameiginleg ákvörðunartaka (e. adult initiated, shared decisions with youth). Hér eru börn fengin til þess að vera með í ákvörðunartöku þar sem fullorðnir hafa frumkvæði. Dæmi um þetta getur verið að kennari kemur með hugmynd að viðfangsefni eða verkefni sem hann mótar út frá áhuga barnanna. Sjöunda þrepið kallast frumkvæði og stjórnun barna (e. youth led and initiated action) en í þessu þrepi stjórna börnin. Þá er átt við að börnin hafa frumkvæði og taka sjálf ákvarðanir. Dæmi um þetta er frjáls leikur barna þar sem þau hafa frumkvæði að leiknum, þau stjórna honum og taka sjálf ákvarðanir. Áttunda og seinasta þrepið kallast frumkvæði barna en sameiginleg ákvörðunartaka (e. youth and adults share and making). Í þessu þrepi hafa börnin frumkvæði og hugmyndir en vinna hugmyndirnar saman sem jafningjar með fullorðnum að framkvæmdinni sjálfri. Dæmi um þetta getur verið að barn kemur með hugmynd að ákveðnu verkefni og sú hugmynd er

samþykkt af þeim fullorðnu og börnunum (Funk o.fl., 2012; Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson, 2013).

### 3.3.2 Þáttökustigi Lansdown

Lansdown (2005) hefur flokkað þátttöku barna í leikskóla í þrjú stig. Þessi greining á þátttöku var gerð til þess að aðstoða leikskólakennara og annað starfsfólk leikskólans við að greina hversu mikið börn hafa að segja í ákvarðanatöku í leikskólalastarfinu.

Fyrsta stigið kallast ráðgefandi (e. consultative processes) en þá eiga fullorðnir frumkvæði að því að stjórna þátttöku barnanna. Sá fullorðni leitar eftir skoðunum barnsins og nýtir þær til þess að hafa áhrif á framkvæmdina. Dæmi um þetta er að börn eru beðin um að segja skoðun sína á ákveðnu málefni en koma ekki að endanlegri ákvörðun.

Á öðru stigi eru þátttakendur í samvirkni við fullorðna, kallað þátttökufæri (e. participatory processes). Á þessu stigi er frumkvæðið hjá þeim fullorðnu en nú hafa börnin fengið ákveðið vald þar sem þau eru virkir þátttakendur í þróun ferlisins. Börnin eru einnig með í ráðum og geta þar af leiðandi haft áhrif á niðurstöðuna.

Þriðja og síðasta stigið felur í sér frumkvæði barna að þátttöku, líka kallað sjálfsprottið ferli (e. self-initiated processes), hér hafa börnin vald til að taka af skarið og velja sjálf málefni. Kennarinn styður hugmyndir þeirra í stað þess að leiða verkefnið. Börnin hafa sjálf frumkvæði og afmarka málin ásamt því að þróa leiðir (Dockett, 2008; Erla Ósk Sævarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2016).

Þáttökustigi Lansdown getur nýst leikskólakennurum til þess að skoða aðferðir sínar til þess að auðvelda barni þátttöku ásamt því að skapa samstarf á milli barnsins og þeirra fullorðnu. Þegar átt er við samstarf þá er markmiðið að barnið verður ráðgjafi hins fullorðna og sá fullorðni virði getu barnsins til þess að skilgreina eigin viðhorf og forgangsröðun (Erla Ósk Sævarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2016). Á hverju stigi er þátttaka barnsins mismunandi en sá fullorðni þarf að hlusta á skoðanir barnsins og taka skoðanir þess alvarlega. Skuldbinding fylgir öllum þremur stigum en sá fullorðni þarf að veita barninu endurgjöf fyrir þátttöku sína (Dockett, 2008).

Á þessum tveim þáttökustigum, sem greint hefur verið frá, má sjá ákveðna þróun.

Lansdown lýsir þremur stigum en Hart greinir frá átta þrepum. Báðir stigarnir eru hnitmiðaðir en samkvæmt rannsókn Guðrúnar og Baldurs (2013) má sjá að lítið er hægt að flokka undir lýðræði í fyrstu fjórum þrepum þáttökustiga Harts. Til að mynda lýsir fyrsta þrep sér á þann máta að skipanir eiga sér stað, í öðru þrepi er þátttakan til skrauts eða þátttaka barnanna nánast enginn. Í þriðja þrepinu er þátttaka barnanna táknræn og í fjórða þrepinu er börnum úthlutað verkefni, börnin fá til dæmis boð um að taka þátt en því er stjórnað að hinum



fullorðnu og börnin fá engu ráðið um niðurstöðuna. Þetta sést ekki í þáttökustiga Lansdown þar sem fyrsta stigið gefur til kynna að sá fullorðni leiti eftir skoðunum barnanna. Í fimmta og sjötta þrepi þáttökustiga Harts má sjá að börnin eru misvirkir þátttakendur og fá skoðanir þeirra að koma í ljós. Annað stig í þáttökustiga Lansdown samsvarar sjötta þrepi Harts. Sjöunda og áttunda þrep Harts er í líkingu við þriðja stigi Lansdown en þá eiga börnin frumkvæði og hafa áhrif á ákvarðanatöku. Þar af leiðandi hefur Lansdown fækkað stigunum niður í þrjú og er þáttökustigi hennar auðlesinn og hagnýtari í daglegu starfi einnig skulu kennarar veita börnum endurgjöf eftir þáttöku þeirra. Stigi Harts gefur betra tækifæri til þess að rýna enn frekar í þáttöku barna í ákvarðanatöku.

### **3.3.2.1 Lýðræði í leik barna**

Í samstarfsrannsókn Erlu Óskar og Kristínar (2016) breyttu kennarar starfsháttum sínum og gerðu þá lýðræðislegri. Þær breytingar sem meðal annars áttu sér stað fólust í að leikur barnanna var ekki lengur brotinn upp til þess að sinna ýmsum öðrum verkefnum. Börnin fengu sjálf að velja leikfélaga og efnivið. Ásamt því fengu börnin sjálf að velja sér verkefni og þurftu þar af leiðandi ekki að bíða eftir því að kennari afhenti þeim verkefni. Breytt var aðgengi að efniviðnum á deildinni en áður var hann ekki allur aðgengilegur börnunum. Efniviðurinn var allur settur í þeirra hæð og var þeim aðgengilegur eftir að verkefnið hófst. Rýmið bauð þó ekki upp á að allur efniviðurinn sem til var væri aðgengilegur en börnin gátu þá beðið kennara um aðstoð. Valkerfi deildarinnar var lagt niður og var morgunmaturinn flæðandi en þá er átt við að morgunmaturinn var í boði frá kl. 8–9 og fengu börnin sjálf að ákveða hvenær þau vildu taka sér hlé til þess að borða. Börn og starfsfólk áttu samskipti sem sýndu fram á lýðræðislega starfshætti og börnin voru hvött til þess að afla sér upplýsinga sjálf, setja sig í spor annarra, taka eigin ákvarðanir, vera lausnamiðuð og hafa áhrif á daglegt líf í leikskólanum (Erla Ósk Sævarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2016). Breytingin sem átti sér stað styður vel við það sem Montessori trúði, nefnilega að barnið næði innri ró og sjálfsaga með því að velja sjálft þar sem höndin er að verki og hugurinn stýrir henni. Þessi agi kemur í gegnum frelsi, það er frelsi án leyfis þar sem hún trúði því að frjálst val væri einn sá æðsti allra hugrænna ferla. Barnið nær yfir eigin aga, færir sig í gegnum stig þar til það nær innri siðareglum (Hall o.fl., 2010). Rannsókn Erlu Óskar og Kristínar tengist því sem Montessori trúði; þetta má meðal annars sjá við breytinguna sem átti sér stað þar sem börnin fengu að vera frjálssari og taka eigin ákvarðanir tengdar leik og matartíma.

Bae segir í bók sinni (1996) kostina við að barn fái að velja sjálft í stað þess að valið sé fyrir það gera það að verkum að barnið fái tækifæri til þess að velja, bæði við hvern það vill leika og hvað það vill taka sér fyrir hendur o.s.frv. Þegar börn upplifa þetta fá þau tækifæri til þess að kynnast eigin frumkvæði og sjá afleiðingar eigin gjörða. Þegar virðing fyrir sjálfstæðu vali

barna er miðlað t.d. til vina, fá þeir einnig tækifæri til þess að upplifa þróun vináttu og nánd. Ákveðinn sjálfsákvörðunarréttur innan hópsins er forsenda þess að börn fái að upplifa þá gleði að vera valin af öðrum börnum til leiks. Það getur þó verið sárt ef maður er ekki valinn en þegar litið er á hina hliðina missa börnin af mikilvægari reynslu ef slíkur réttur er tekinn í burtu af vali hins fullorðna. Þó segir Montessori að ef börn fá alltof oft að taka ákvarðanir sjálf og sjaldan eitthvað ákveðið fyrir þau, gæti það auðveldlega leitt til þess að börn finni fyrir neikvæðum upplifunum. Barnið gæti þess vegna fengið óþægilega og óvænta reynslu af atvikum þar sem ákveðið er fyrir það. Þetta getur virst hamlandi eða jafnvel skapað óvissu og efa um frumkvæði barnsins og viðbrögð annarra gagnvart barninu. Þess vegna þarf hinn fullorðni að gæta þess að jafnvægi sé á milli þess að nota frumkvæði sitt og vald til að taka ákvörðun en einnig þarf sá fullorðni að geta afsalað sér hluta af valdi sínu til að leyfa barninu að velja og jafnframt sýna vali barnsins virðingu. Hvernig sá fullorðni beitir valdi sínu og dómgreind er þess vegna mikilvægt fyrir þroska barnsins og hópatengsla (Bae, 1996).

Í rannsókn var kannað hvernig frjáls leikur barna gæti orðið náms- og kennslumiðaður í lýðræðislegu umhverfi í samræmi við það sem fram kemur í Aðalnámskrá leikskóla. Benti rannsóknin til þess að túlka megi lýðræði í frjálsum leik barna á þann máta að börnin skapa og semja reglur sín á milli í frjálsa leiknum en ekki með fyrir fram ákveðnum reglum. Börnin lenda til að mynda í árekstrum eða ósamkomulagi í frjálsa leiknum en semja þar af leiðandi á milli sín og búa út frá því til reglur sem þau hafa náð samkomulagi um vegna þess að frjáls leikur byggir á samkomulagi leikendanna um að leika sér saman. Þar af leiðandi liggja lýðræðislegir möguleikar frjálsa leiksins í þessu samkomulagi barnanna. Börnin semja á undirstöðu skynseminnar, réttlætisins, ábyrgðar og tillitssemi eða annarra gilda sem lýðræði byggir á (Gunnlaugur Sigurðsson, 2016). Tengja má þetta við hugmyndir Deweys um rökræðulýðræði þar sem hugmyndir um lýðræði feli í sér samræður eða jafnvel rökræður sem aðferð þar sem hagsmunir eru metnir og mótaðir, rætt um ólík sjónarmið, útbúnar aðstæður þar sem möguleiki er að endurskoða hagsmuni og forgangsröðun. Þá er átt við að einstaklingar taki ekki vinsælar ákvarðanir heldur þær réttlátu. Dewey telur einnig að einstaklingar sem lenda í slíkum aðstæðum leiti ráða skynseminnar. Hann lítur svo á að einstaklingar sem við lendum í ágreiningi við séu einstaklingar sem við getum lært af (Ólafur Páll Jónsson, 2011). Þar af leiðandi er hægt að bera frjálsa leikinn saman við hugmyndir Deweys um að reglur barnanna séu mótaðar á meðan leik stendur. Ágreiningur getur myndast í frjálsa leiknum sem börnin kljást við og leysa í sameiningu. Dewey telur að einstaklingar sem lenda í ágreiningi leita ráða skynseminnar. Ágreiningur og rökræður eru töluvert algengar í leik barnanna og er það því gott að börnin geta sjálf leyst ágreininginn sín á milli.

Í rannsókn Kristínar Norðdahl (2016) tengdu kennarar lýðræðislega þátttöku barna við útiumhverfið; kennurunum þótti útiumhverfið nýtast vel til þess að börn öðlist færni í að taka þátt í samfélaginu. Einhverjir kennarar töldu að þessi þátttaka sem fer fram utandyra sé ómöguleg innandyra. Þegar lýðræðislegri þátttöku barna í útiumhverfinu er beitt er átt við að börnin taka ákvarðanir um eigið útiumhverfi og á þann hátt nýta þau lýðræðisleg réttindi sín. Einnig nefnir Kristín að lýðræði tengt við útiumhverfi kemur hvergi fram í lögum og reglugerðum. Hún telur að ef ákvæði um útiumhverfi yrðu sett í lög og reglugerðir yrði það góð viðbót við önnur ákvæði vegna þess að börn geta nýtt lýðræðislegan rétt sinn til þátttöku í samfélaginu ásamt því að hafa áhrif á ákvarðanatöku sem varðar útiumhverfi þeirra.

### **3.4 Samskipti og áhrif**

Þegar lýðræðisleg vinnubrögð í leikskóla eru ástunduð, er einn þátttökupátturinn talinn vera samskipti barna við fullorðna. Þessi samskipti eru fólgin í því að börn og fullorðnir hafa áhrif á leikskólasamfélagið (Erla Ósk Sævarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2016). Anna Magnea Hreinsdóttir (2008) segir að sjónarmið barna séu höfð í heiðri og þannig sé börnunum gefin rödd. Einnig kemur fram að fullorðnir hafa tekið það að sér að gæta hagsmuni barnanna. En tækifæri eru til taks til að auka þátttöku barnanna í áætlanagerð og í mati á leikskólastarfinu. Hún nefnir einnig að hægt er að notast við viðeigandi aðferðir til þess að fá fram skoðanir og álit barna. Þessa aðferð kallar hún hlustun í anda uppeldisfræði hlustunar (e. pedagogic of listening) og er það virk hlustun. Þegar virkri hlustun er beitt leiða sjónarmið barna stundum til breytinga í áætlanagerð og skipulagi starfsins. Það breytingarafl á leikskólastarfinu virðist þar af leiðandi vera sjónarmið barna (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2008). Virkri hlustun er ekki aðeins beitt til þess að hlusta á börn, starfsfólk og foreldra heldur felur hún í sér virk samskipti þessara hópa á milli og túlkun. Virk hlustun snýst einnig um fjölbreyttan tjáningarmáta og er hún á ábyrgð hins fullorðna. Átt er við að hinir fullorðnu eiga að hlusta á það sem börn segja og þar af leiðandi öðlast kennarar og foreldrar betri skilning á námi og áhugasviði barnanna. Þar sem lýðræðislegir starfshættir eru nýttir er hlustað á börn á virkan hátt og þegar lýðræðisleg samræða á sér stað eru skoðanir og upplifanir barnanna metnar (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2013).

Ef við trúum því að börn búi yfir eigin kenningum, túlkunum og spurningum og þau búi til sína eigin aðferðafræði, þá eru mikilvægustu sagnorðin í kennslustarfi ekki lengur að tala, útskýra eða að miðla – heldur að hlusta. Að hlusta þýðir að vera opinn fyrir öðrum og því sem þeir hafa að segja, hlusta á þau fjölmörgu tungumál sem eru í umhverfinu með öllum skilningarvitum okkar (Rinaldi, 2005). Rinaldi taldi virka hlustun vera mikilvæga og tengir hlustunin okkur við aðra. Við yfirgefum okkur sjálf í samtalinu og verður skilningur okkar á

eigin tilveru því aðeins lítil hluti af víðtækri, samþættri þekkingu sem heldur alheiminum saman. Hún telur hlustun vera myndlíkingu til að tákna hreinskilni og næmni, maður hlustar ekki einungis með eyrunum heldur með öllum skilningarvitunum. Að hlusta á þau óteljandi tungumál, tákni og kóða sem við tjáum okkur með og miðlum ásamt því að lífið tjáir sig og miðlar til þeirra sem kunna að hlusta. Hún nefnir hlustun sem tíma, tíma hlustunar, tíma sem er fullur af þögnum, löngum hléum og innri tíma. Hlustun felst í að hlusta á okkur sjálf, sem hlé, stöðvun, sem þátt sem framkallar hlustun hjá öðrum. Á bak við athöfnina að hlusta er oft forvitni, löngun, efi og áhugi, það er alltaf tilfinning. Rinaldi telur að hlustun sé tilfinning, hlustunin myndast af tilfinningum og örvar tilfinningar. Þá er átt við að tilfinningar annarra hafi áhrif á okkur sjálf. Þegar maður hlustar er maður opinn fyrir ágreiningi og maður gerir sér grein fyrir sjónarmiðum og túlkunum annarra. Hlustun býr ekki til svör heldur vekur upp spurningar, hlustun myndast af vafa og óvissu en felur ekki í sér óöryggi heldur öryggi þess að sérhver sannleikur sé aðeins slíkur ef við gerum okkur grein fyrir takmörkum hans og mögulegri fölsun. Það er ekki auðvelt að hlusta, það krefst djúprar meðvitundar og um leið frestun á dómum okkar og fordómum, það þarf hreinskilni til þess að breyta því. Það krefst þess að við höfum skýrt í huga okkar gildi hins óþekhta, að við getum sigrast á slíkri tilfinningu um tótleika og óvissu sem við upplifum hvenær sem víska okkar er dregin í efa. Hlustun sem skilgreinir okkur, sem réttlætir okkur, gefur út sýnileika sem auðgar bæði þá sem hlusta og einnig þá sem tala. Einnig taldi Rinaldi að börn þoli ekki að vera ekki skilgreind. Þegar þetta er tekið saman á Rinaldi við að í hlustuninni felst; maður lærir að hlusta og segja frá því sem einstaklingnum finnst réttmætt, að tákna kenningar sínar og bjóða upp á sína eigin túlkun á tiltekinni spurningu. Þegar við svo túlkum kenningar okkar þekkjum við þær eða við viðurkennum þær sem gerir það að verkum að ímyndun og innsæi okkar hefur möguleika á að mótast og þróast með aðgerðum, tilfinningum, tjáningu og táknrænni framsetningu (Rinaldi, 2005).

### **3.4.1 Sýn kennara**

Rannsókn Arndísar Th. Friðriksdóttur (2014) sýnir fram á það að kennurum þótti hugtökin lýðræði og sjónarmið barna í leikskólaskólastarfinu renna saman í eitt. Starfsfólk leikskólans virtust hafa hugann við hina pólitísku sýn á lýðræði. Það sama má sjá í rannsókn Erlu Óskar og Kristínar þar sem kennarar töldu lýðræði vera víðtækt hugtak. Í rannsókn Erlu Óskar og Kristínar var skoðað hvernig starfshættir leikskólans gætu orðið lýðræðislegri á einni deild. Deildarstjórinn taldi ekki ríkja mikið lýðræði á deildinni og starfsfólk þurfti að gæta sín þar sem stjórnun þeirra gæti verið of mikil. Þátttakendur rannsóknarinnar voru meðal annars ófaglærðir starfsmenn og leikskólakennarar en þeir voru óöryggir um hvort þeir legðu réttan skilning í hugtakið og hvernig ætti að skilja það í starfinu sem fram fór á deildinni. Í upphafi

Þessarar rannsóknar taldi starfsfólkið almennt lýðræðislegt starf einkennast af því að börnin sinntu fjölbreyttum hlutverkum, svo sem hlutverki borðþjóns, umsjónarmanns í mismunandi aðstæðum og pappírslöggu svo eitthvað sé nefnt. Mismunandi var hvernig kennarar og leiðbeinendur skilgreindu lýðræði innan leikskólans en dæmi um lýðræðislega athöfn, sem áður hafði farið fram, var þegar börnin skrifuðu bréf til leikskólastjórans í samstarfi við kennara á deildinni. Börnin óskuðu eftir í bréfinu að fá leikfangadag og skrifuðu þau öll undir þegar kennari hafði skrifað fyrir hönd þeirra. Leikskólastjóra barst bréfið og hefur nú samþykkt það og eru tveir leikfangadagar yfir veturinn á leikskólanum. Allt starfsfólkið var sammála um að þetta væri lýðræði innan leikskólans (Erla Ósk Sævarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2016).

Í grein Önnu Magneu Hreinsdóttur (2013) má einnig sjá að starfsfólk leikskólans var óöruggt um hvernig mætti innleiða lýðræði í leikskólann. Starfsfólkið taldi að lýðræði í leikskólastarfi hefði falist í kosningum og meirihlutavilja og átti erfitt með að skilja hvernig lýðræði ætti heima í leikskólum.

### 3.5 Réttindaskóli UNICEF

Árið 2016 og 2017 fór þróunarverkefnið af stað um réttindaskóla í samstarfi við UNICEF á Íslandi. Markmiðið var þá að athuga hvort hægt væri að bæta skóla og frístundastarf ásamt líðan barna og unglunga með notkun Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem útgangspunkt í skólastarfi. Réttindaskólar er hugmyndafræði sem rekja má til UNICEF í Englandi. Þessi hugmyndafræði var fyrst sett fram árið 2005 og hefur í kjölfarið verið nýtt og tekin upp í löndum eins og Danmörku, Svíþjóð, Slóveníu, Kanada, Þýskalandi og héraendis. Þau markmið sem réttindaskóli hefur byggjast meðal annars á lýðræðislegu umhverfi þar sem áhersla er lögð á að rækta þekkingu barna um leikni, virkni og gagnrýna hugsun með markvissum hætti ásamt því að börnin verði virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi (Unicef, e.d.).

Í rannsókn sem gerð var á réttindaskólum í grunn- og framhaldsskólum má sjá að niðurstöður af innleiðingu hugmyndafræðinnar í skólum vísa í að gildin eru byggð á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hefur það umtalsverð og jákvæð áhrif á siðferði skólans, raunveruleikann, þátttöku án aðgreiningar, skilning á hinum stóra heimi og líðan skólasamfélagsins að mati fullorðinna og barna í réttindaskólum. Í 11 af 12 skólum varð mikil breyting á viðhorfum og hegðun barna við að einblína á réttindi þeirra. Allir skólarnir, sem voru 31 talsins, einkenndust af jákvæðu sambandi milli barna og kennara. Hlustun, virðing og samkennd var áberandi og lítið sem ekkert einelti átti sér stað í skólunum. Nemendum og starfsfólki fannst þau tilheyra skólanum og nemendur upplifðu að þeir hefðu vald til þess að virða umhverfi og réttindi annarra á staðnum, á landsvísu og á heimsvísu. Nemendur tóku

virkan þátt í að verja réttindi annarra barna. Einnig leiddi rannsóknin í ljós að börnin vissu hvernig ætti að taka upplýstar ákvarðanir og vera virkir borgarar. Nemendur sögðust taka ábyrgð á eigin ákvörðunum þó svo að einhverjir nefndu að kennarar ættu það til að taka ákvarðanir fyrir þá. Réttindaskólarnir studdu yngstu börnin og börn með námsörðugleika til að taka þátt í ákvarðanatöku á einfaldan hátt. Nemendur voru einnig meðvitaðir um hvernig þeir gætu haft áhrif á ákvarðanir í skólanum, svo sem í skóla- og bekkjarráði. Þessi þátttaka í ákvarðanatöku gerði það að verkum að börnin fundu fyrir auknu sjálfstrausti og vellíðan í skólanum. Einnig fundu börnin fyrir meiri áhuga á að taka þátt í málefnum sem varðar skólann og það sem fram fer þar (Sebba og Robinson, 2010).

### **3.6 Mennta- og uppeldisstefna Reggio Emilia**

Hægt er að líta á Loris Malaguzzi sem frumkvöðul að lýðræðislegu leikskólastarfi. Hann var einn af talsmönnum og hugmyndasmiðum leikskólastarfsins í bænum Reggio Emilia á Ítalíu. Loris Malaguzzi lagði mikla áherslu á réttindi barnsins um að taka virkan þátt í skólastarfinu og ákvarðanir um eigið nám (Erla Ósk Sævarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2016). Reggio Emilia-leikskólar hafa fundið leið til þess að mæta börnum á lýðræðislegan hátt í skólastarfinu. Námskrágerð hefur verið þróuð þar sem börnin taka þátt í að móta námskrána sem kölluð er fljótandi námskrá. Leikskólastarfið er þar af leiðandi í stöðugri endurskoðun þar sem tillit er tekið til áhuga barnanna og viðmiðunar við aðalnámskrána (Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson, 2013).

Í Reggio Emilia-leikskólum er heildarhugmyndin um barnið sett fram í skilmálum Malaguzzis. Sem einstaklingur er barn strax frá fæðingu upptekið af því að skapa og þróa samband við heiminn og ætlar að upplifa heiminn sem þróar flókið kerfi, námsaðferðir og leiðir til þess að skipuleggja raunveruleikann. Barn er fært um að búa til persónulegan vegvísi fyrir eigin félagslega, vitræna, tilfinningalega og táknræna leið. Þessi skilgreinda hugmynd um barnið birtist í Reggio Emilia-skólum, hún undirstrikar alla hugmyndafræði og nálgun á vinnu allra þeirra sem taka þátt í skóla barnsins og félagslífi þess. Börn sem eru sterk, sjálförugg og hæf geta myndað sínar eigin hugmyndir, tjáð skoðanir sínar, tekið sjálfstæðar ákvarðanir, leikið sér og unnið vel í hóp. Sýnt hefur verið fram á að valfrelsi og sveigjanleiki í tíma fólks leiði til aukinnar einbeitingar þess og það er lausnamiðaðra í vinnu (Hall o.fl., 2010).

Ætlast er til að börn í Reggio Emilia-leikskólum vinni náið saman og læri hvert af öðru. Boyd-Cadwell lýsir barni í Reggio-skóla sem sögupersónu, samstarfsmanni og samskiptamanni. Barnið hefur möguleika, það er forvitið og hefur áhuga á að byggja upp nám sitt og semja um allt sem umhverfið hefur upp að bjóða. Barn í Reggio-leikskóla er ekki óvirkur nemandi sem bíður eftir því að kennari gefur því upplýsingar. Barnið sem samstarfsaðili byggir á félagslegu

hugsmíðahyggjulíkani þar sem allt nám er samofið félagslegu samhengi barnsins. Til þess að aðstoða barnið við að eiga skilvirk samskipti þarf að hafa trú á táknrænni framsetningu þess, þá er átt við orð, hreyfingar, teikningar, málverk, byggingu og sköpunarkraft svo að eitthvað sé nefnt. Þetta lýsir sér sem þau hundrað tungumál barna eftir Malaguzzi. Einnig lýsir Malaguzzi, Reggio-skóla sem stað uppgötvunar, könnunar, til að rannsaka og byggja upp sambönd (Hall o.fl., 2010). Kennslufræði Malaguzzis er byggð á virkri þátttöku barna. Hann taldi það mikilvægt að börn myndu tilgang í því sem þau gerðu og hélt því fram að þegar barnið finnur tilgang með framkvæmdinni eykst ánægja barnsins af því að vinna verkið; er þetta þáttur í sýn hans á virka þátttöku barna. Dæmi um þetta er einnig þegar barn finnur tilgang í leik og starfi (Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson, 2013). Reggio-skólar notast einnig við fagþróunaráætlun þar sem farið er yfir markmið, aðferðir, gögn og skráningar. Einnig eru gerðar ráðstafanir um endurskoðun áætlana og farið yfir hvernig best sé að bæta starfið. Með þessu verða kennslustundir markvissari og betur farið með tíma barna og starfsfólks. Undirbúningurinn ásamt skráningum gefur skýrari mynd af getu og námsþróun barna (Fyfe, 1994).

Eitt mikilvægasta hlutverk skóla taldi Malaguzzi vera að skapa börnum mismunandi tækifæri til þess að hugsa um mikilvægi lýðræðislegrar þátttöku þeirra í samfélaginu. Dæmi um þetta er að leikskólabörn finni að þau tilheyri leikskólanum og geta þar af leiðandi haft áhrif á umhverfi sitt þar. Skólar þurfa einnig að skapa tækifæri til þess að mynda tengsl milli hugsana barna og aðgerða þeirra. Þess vegna þurfa skólar að velta fyrir sér og ræða við barnið um ákvarðanir um framkvæmd og framkvæmdina í heild (Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson, 2013).

### **3.7 Samantekt**

Í þessum kafla hefur verið fjallað um mikilvægi lýðræðis í skólum. Dewey taldi að nám geri kröfu til skólans sem vettvangs menntunar þannig að nemendur hafi möguleika á því að taka þátt í þeim samskiptum og samveruháttum sem lýðræðislegt skólastarf gerir ráð fyrir. Dewey taldi stofnanir landsins vera lýðræðislegar þegar þær stuða að lífi í samfélaginu og einkennist af lýðræðislegum viðhorfum (Ólafur Páll Jónsson, 2011). Rannsókn benti til þess að frjáls leikur barna stuðli að lýðræði þegar börn semja reglur á milli sín en ekki með fyrir fram ákveðnum reglum. Lýðræðislegir möguleikar frjálsa leiksins liggja þar af leiðandi í þessum samningum og samskiptum barnanna á milli (Gunnlaugur Sigurðsson, 2016). Skoðaðar voru einnig hugmyndir Deweys um rökræðulýðræði, þar sem hugmyndir um lýðræði feli í sér samræður eða rökræðu sem aðferð þar sem hagsmunir eru metnir og mótaðir, ólík sjónarmið sett fram, útbúnað aðstæður þar sem möguleiki er til endurskoðunar og

forgangsröðunar. Þegar einstaklingar lenda í slíkum aðstæðum leita þeir ráða skynseminnar (Ólafur Páll Jónsson, 2011).

Lýðræði og þátttaka barna er skilgreind á þann hátt að börn séu með í ákvarðanatöku um þau málefni sem snúa að þeim og lífi þeirra. Þá skiptir ekki máli hvort sá fullorðni eða barnið sjálft hefur frumkvæðið (Jóhanna Einarsdóttir, 2008). Einnig leiddu rannsóknir í ljós að starfsfólk leikskólanna voru ekki viss um hvernig skilgreina skuli lýðræði innan leikskólans; margir hugsuðu lýðræði sem pólitískt hugtak. Í kjölfar þess að rannsóknir fóru af stað mátti sjá góða breytingu á starfsháttum starfsfólksins þar sem skoðanir og sýn barna voru metin og börnin fengu að vera virkir þátttakendur í ákvarðanatöku sem að þeim sneri (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2013; Arndís Th. Friðriksdóttir, 2014; Erla Ósk Sævarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2016).

Hægt er að ná fram skoðunum og álitum barna með aðferð sem Anna Magnea Hreinsdóttir (2008) kallaði hlustun í anda uppeldisfræði hlustunar eða með virkri hlustun. Þegar slíkri aðferð er beitt leiða sjónarmið barna stundum til breytinga í áætlanagerð og skipulagi starfsins. Sú breyting á framtíðaraflum leikskólustarfsins virtist þar af leiðandi vera sjónarmið barna.

Skoðaður var einnig þátttökustigi Landsdown (2005) en hann flokkaði þátttöku barna í leikskóla í þrjú stig. Var hann gerður til þess að aðstoða starfsfólk leikskólans til þess að greina hversu mikið börn hafa að segja í ákvarðanatöku í leikskólastarfinu. Roger Hart þróaði einnig þátttökustiga sem var flokkaður í átta þrep. Þátttökustigi Harts var hugsaður til þess að efla trú barna á eigin getu til þess að vera virkir þátttakendur.

Markmið réttindaskóla UNICEF byggjast meðal annars á lýðræðislegu umhverfi og leiddu rannsóknir í ljós að börn í réttindaskólum einkennast af jákvæðu sambandi milli barna og kennara. Hlustun, virðing og samkennd var áberandi í skólunum og börnin voru virkir þátttakendur (Sibba og Robinson, 2010). Að lokum var rýnt í Reggio-skóla en litið er á Loris Malaguzzi sem frumkvöðul að lýðræðislegu leikskólastarfi. Hann lagði meðal annars mikla áherslu á réttindi barna til að taka virkan þátt og ákvarðanir um eigið nám (Erla Ósk Sævarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2016; Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson, 2013)



## 4 Umræður og niðurlag

Hér á eftir verður leitað svara við rannsóknarspurningunni: Hvaða starfshættir stuðla að lýðræði meðal barna innan leikskóla?

Skýrt er kveðið á um það í lögum og reglugerðum að lýðræði skuli vera ríkjandi á leikskólum. Ísland er lýðræðisríki og það felur í sér að borgararnir þurfi að vera upplýstir um réttindi sín og kunni að fara með það vald sem þeim er gefið með því að vera íslenskir ríkisborgarar. Því ætti að vera augljóst að lýðræði innan leikskóla er mikilvægt, að börnum sé gerð grein fyrir því hvað í lýðræði felst enda er hæfur samfélagsþegn sá sem kann að taka virkan þátt í samfélaginu.

Niðurstöður þessa verkefnis benda til þess, að til þess að starfshættir leikskóla stuðli að lýðræði skulu kennarar og börn beita virkri hlustun, kennarar skulu leyfa börnum að vera frjáls, vera virkir þátttakendur í ákvarðanatöku sem viðkoma málefnum sem snúa af þeim og að beita spurningum sem hvetja börn til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Börn skulu vera frjáls en undir handleiðslu kennara og hafa börnin ekki alræðisvald fremur en kennararnir. Börnin koma fram með sínar skoðanir sem kennarinn tekur inn í ákvörðunartöku sína. Þrátt fyrir að kennarinn eigi síðasta orðið þá hefur barnið haft áhrif á niðurstöðuna.

Kennarar þurfa einnig að líta í eigin barm og skoða hvað þeir geta gert til þess að stuðla enn frekar að lýðræði, jafnvel hvernig þeir koma fram við börnin og hvers konar spurningar þeir spyrja börnin. Eru þetta spurningar sem kveikja einhvers konar umræðu þar sem börnin fá möguleika á því að tjá sína skoðun og reynslu? Hafa þau möguleika á að hafa áhrif á starfið sem virkir þátttakendur? Þátttökustigar komu við sögu og geta kennarar nýtt sér þá til þess að rýna enn frekar í þátttöku barna í ákvarðanatöku.

Reggio Emilia-leikskólar starfa í anda lýðræðis og áherslan er þar lögð á réttindi barnanna til að fá að vera virkir þátttakendur. Námskrárnar eru í sífelldri þróun vegna þess að börnin fá möguleika til þess að hafa áhrif á þær. Kennslufræði Malaguzzis segir til um að ánægja barnanna aukist við að finna tilgang í framkvæmdinni og taldi hann það fela í sér virka þátttöku (Erla Ósk Sævarsdóttir og Kristín Karlsdóttir, 2016; Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson, 2013).

Ég trúir því að starfsfólk leikskólans séu mikilvægir áhrifavaldar í lífi barna vegna þess að hægt er að sjá áhrif samskipta milli kennara og barns. Kennarar geta hvatt börn til ákvarðanatöku, átt við þau uppbyggileg samskipti og því geta hvatt börn til þátttöku með því að íhuga hvernig samskiptum þeirra er háttað. Þegar kennarar nýta sér virka hlustun gefst þeim tækifæri til þess að kynnast hverju og einu barni fyrir sig. Börn eru öll misjöfn og hafa mismiklar þarfir. Einnig tel ég mikilvægt að kennarar séu í sífelldri endurskoðun þegar litið er

á samskiptahætti og framkomu þeirra við börnin; þetta er ekki eingöngu þroskandi fyrir kennara heldur líka börnin. Ástæðuna fyrir því tel ég vera þá að börn læra af fyrirmyndum sínum sem oft og tíðum eru leikskólakennarar þeirra; því er mikilvægt að vera góð fyrirmynd. Dagsskipulag leikskólans getur einnig haft áhrif þar sem börnin fá ekki að vera frjáls, þau er sífellt tekin úr aðstæðum þar sem þau geta skapað sinn eigin leik og þroskast og dafnað út frá því. Ég tel þolinmæði, tíma og opinn hug vera eitt mikilvægasta verkfæri kennara leikskólans, þar sem þolinmæði og tími er oft og tíðum nauðsynleg þegar börn taka þátt í ákvarðanatöku.

Í þeim leikskólum þar sem lýðræðislegir starfshættir eru nýttir er hlustað á börn á virkan hátt og þegar lýðræðislegar samræður eiga sér stað eru skoðanir og upplifanir barna metnar. Virk hlustun felur í sér virk samskipti og túlkun á milli kennara, barna og foreldra, hún snýst einnig um fjölbreyttan tjáningarmáta. Þegar virkri hlustun er beitt er hún á ábyrgð hins fullorðna og nýtist hún í að fá betri skilning á námi og áhugasviði barnanna (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2013). Einnig má sjá í fyrri rannsóknum að umhverfi barnsins getur haft áhrif á lýðræðislega þátttöku þeirra. Námsumhverfið býður upp á lýðræði ef efniviður er aðgengilegur börnunum; einnig býður útiumhverfi upp á lýðræði þar sem barnið getur nýtt lýðræðislegan rétt sinn til þátttöku í samfélaginu og haft áhrif á ákvarðanatöku sem varðar útiumhverfi þeirra. Bent hefur verið á að þetta komi hvergi fram í Aðalnámskrá leikskóla. Þegar rýnt er í aðalnámskrána má hins vegar sjá að þar segir að áhersla skuli lögð á að rækta þekkingu, leikni og viðhorf barna sem styrkir getu þeirra í framtíðinni til þess að geta orðið gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Einnig kemur fram að sú virka þátttaka í lýðræðissamfélagi skuli vera innan sem utan leikskólans (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Leikskólar eru í stöðugri þróun og taka þeir rétta skrefið í átt að lýðræðislegu leikskólastarfi. Til að mynda hafa verið ákveðin þróunarverkefni sett af stað og hafa fleiri skólar fengið viðurkenningu sem réttindaskóli UNICEF en réttindaskólaverkefnið styður við breytta starfshætti innan leikskólans. Aukin áhersla er lögð á að rækta þekkingu barna um leikni, viðhorf og gagnrýna hugsun með markvissum hætti ásamt því að börnin verði virkir þátttakendur í nútímasamfélagi (UNICEF, e.d.).

Áhugavert væri einnig að skoða hvaða gryfjur væri hægt að falla í þegar þeir lýðræðislegu starfshættir eru nýttir innan leikskólans og þá í hvaða samhengi? Af hverju sækjast ekki allir leikskólar eftir því að ná því markmiði að starfa í anda lýðræðis þar sem börn eru frjáls, skoðanir og reynsla þeirra metin í starfi og þátttaka barna í námskrágerð og ákvarðanatöku og áhrif þeirra á daglegt líf í leikskólanum metin að verðleikum. Fyrsta skýringin sem kemur upp í hugann er mannekla í leikskólum landsins, of mikið dagsskipulag og of líttill tími.

Ég ætla að enda þessa ritgerð á ljóðinu „No Way – The Hundred is There“ eftir Loris Malaguzzi þar sem það kveikti á huga mínum hugleiðingar um hversu mikil áhrif starfsfólk getur haft á barnið ef það fær ekki að tjá sig á skilvirkan hátt.

The child  
is made of the hundred.  
The child has  
a hundred languages  
a hundred hands  
a hundred thoughts  
a hundred ways of thinking  
of playing, of speaking.  
A hundred, always a hundred  
ways of listening  
of marvelling, of loving,  
a hundred joys  
for singing and understanding  
a hundred words  
to discover  
a hundred worlds  
to invent  
a hundred worlds  
to dream.  
The child has  
a hundred languages  
(and a hundred hundred hundred more)  
but they steal ninety-nine.  
The school and the culture  
separate the head from the body.  
They tell the child  
to think without hands  
to do without head  
to listen and not to speak  
to understand without joy  
to love and to marvel  
only at Easter and Christmas.

They tell the child  
to discover the d already there  
and of the hundred  
they steal ninty-nine.  
They tell the child  
that work and play  
reality and fantasy  
science and imagination  
sky and earth  
reason and dream  
are things  
that do not belong together.  
And thus they tell the child  
that the hundred is not there.  
The child says  
„No way –The hundred is there“  
(Hall o.fl., 2010).

## Heimildaskrá

- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2008). „Af því við erum börn“. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 49–68). Háskólaútgáfan og RannUng.
- Bae, B. (1996). Opplæversen av fellesskap – medlæring i barnehagen. Í B. Bae (ritstjóri), *Det interessante i det alminnelige* (bls. 182–191). Pedagogisk Forum.
- Bae, B. (2009). *Children's right to participate: Challenge in everyday interactions. European Early Childhood Education Research Journal* 17(03), 391–406.  
<https://doi.org/10.1080/13502930903101594>
- Carr, M. og Lee, W. (2019). *Learning stories in practice*. SAGE.
- Dahlberg, G. Moss, P. og Pence, A. (2013). *Beyond quality in early childhood education and care: Languages of evaluation*. Routledge.
- Dockett, S. (2008). Hlustað á raddir barna: Börn og rannsóknir. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 33–44). Háskólaútgáfan og RannUng.
- Erla Ósk Sævarsdóttir og Kristín Karlsdóttir. (2016). Leikskóli til lýðræðis: Hlustað á raddir barna og þau studd til áhrifa í daglegu lífi. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lifum* (bls. 123–149). Háskólaútgáfan og RannUng.
- Fyfe, B. (1994). Images from the United States: Usind Ideas from the Reggio Emilia Experience with American Educators. Í L. G. Katz og B. Cesarone (ritstjórar), *Reflections on the Reggio Emilia Approach* (bls. 21–29). ERIC Clearinghouse on Elementary and Early Childhood Education.

Funk, A., Borek, N. V., Taylor, D., Grewal, P., Tzemis, D. og Buxton, J. A. (2012). *Climbing the „Ladder of participation“: Engaging experiential youth in a participatory research project.* <https://sci-hub.se/https://link.springer.com/article/10.1007/BF03404237>

Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson. (2013). Þátttaka barna í ákvarðanatöku í leikskólastarfi. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun.* [https://netla.hi.is/serrit/2013/fagid\\_og\\_fraedin/003.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2013/fagid_og_fraedin/003.pdf)

Gunnlaugur Sigurðsson. (2016). Lýðræði í frjálsum leik barna. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun.* [https://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/13\\_ryn\\_arsrit\\_2016.pdf](https://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/13_ryn_arsrit_2016.pdf)

Hall, K. Horgan, M., Ridgway, A., Murphy, R., Cunneen, M. og Chunningham, D. (2010). *Loris Malaguzzi and the Reggio Emilia experience.* Bloomsbury Library of Educational Thought.

Jóhanna Einarsdóttir. (2008) Þátttaka barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 115–128). Háskólaútgáfan og RannUng.

Jóhanna Einarsdóttir. (2008). „Viðhorf til barna og áhrif á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls.17–27). Háskólaútgáfan og RannUng.

Jóhanna Einarsdóttir. (2017). Lýðræði, umhyggja og hæfni í Aðalnámskrá leikskóla. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun.* [https://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn\\_leikskolastarf/005.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn_leikskolastarf/005.pdf)

Kópavogsbær. (2011). *Námskrá leikskóla Kópavogs.* [https://www.kopavogur.is/static/files/Leikskolar/leikskolar\\_skolanamskra-kop-2011.pdf](https://www.kopavogur.is/static/files/Leikskolar/leikskolar_skolanamskra-kop-2011.pdf)

Kópavogsbær. (e.d.). *Námskrá fyrir 1 og 2 ára börn í leikskólum Kópavogs.*

[https://www.kopavogur.is/static/files/Leikskolar/leikskolar\\_skolanamskra-kop-2011.pdf](https://www.kopavogur.is/static/files/Leikskolar/leikskolar_skolanamskra-kop-2011.pdf)

Kópavogsbær. (e.d.). *Námskrá fyrir 3 og 4 ára börn í leikskólum Kópavogs.*

[https://www.kopavogur.is/static/files/Leikskolar/namskra\\_3-4ara\\_p4-1-.pdf](https://www.kopavogur.is/static/files/Leikskolar/namskra_3-4ara_p4-1-.pdf)

Kópavogsbær. (e.d.). *Námskrá fyrir 5 ára börn í leikskólum Kópavogs.*

[https://www.kopavogur.is/static/files/Leikskolar/leikskolar\\_5-ara-namskra.pdf](https://www.kopavogur.is/static/files/Leikskolar/leikskolar_5-ara-namskra.pdf)

Kristin Karlsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2020). Supporting democracy and agency for all children: The learning stories of two immigrant boys. *Contemporary Issues in Early Childhood* 21(04), 325–339. Doi:10.1177/1463949120978472

Lansdown, G. (2005). Can you hear me? The right of young children to participate in decisions affecting them. *Early Childhood Development*, 36. Haag: Bernard van Leer.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). Aðalnámskrá leikskóla 2011.

[https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leisk\\_vefur.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leisk_vefur.pdf)

Ólafur Páll Jónsson. (2008). *Lýðræði, menntun og þátttaka.*

<http://wayback.vefsafn.is/wayback/20201017174501/https://netla.hi.is/greinar/2008/013/index.htm>

Ólafur Páll Jónsson. (2011). *Lýðræði, réttlæti og menntun.* Háskólaútgáfan.

Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir. (2012). *Lýðræði og mannréttindi: Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum.*

[https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/grunnthaettir\\_lydr\\_mannrett.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/grunnthaettir_lydr_mannrett.pdf)

Reykjavíkurborg. (e.d.). Um Menntastefnu. <https://menntastefna.is/um-menntastefnu/>

Reykjavíkurborg. (2010). *Stefna og starfsáætlun Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar*.

[https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/leikstefna\\_og\\_starfsaaetlun2010\\_0.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/leikstefna_og_starfsaaetlun2010_0.pdf)

Rinaldi, C. (2005) Documentation and assessment: What is the relationship. Í A. Clark, A. T.

Kjörholt og P. Moss (ritstjórar), *Beyond listening* (bls. 17–27). The Policy Press.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins: I. hluti/1992.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013019.html>

Sebba, J. og Robinson, C. (2010). *Evaluation of unicef UK'S rights respecting schools award*.

<https://www.unicef.dk/wpcontent/uploads/2018/08/rrsaexecsummaryweb.pdf>

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar. (2009). *Skólustefna Hafnarfjarðar*.

<https://www.hafnarfjordur.is/media/stefnur-og-reglur/skolastefnahf2009utgafa.pdf>

UNICEF (e.d.). Réttindaskóli UNICEF. <https://unicef.is/hvad-er-rettindaskoli>